



18/09 2019

Stjórn og trúnaðarráð FÍR

Stórhöfða 31 4.hæð

Mætt voru: Andri Reyur Haraldsson, Borgþór Hjörvarsson, Sigmundur Grétarsson, Helgi M Ingason, Margrét Arnarsdóttir, Viðar M Þorsteinsson, Hafsteinn Hreiðarsson, Jakob Þór Leifsson. Guðjón V Guðjónsson, Kristján Helgason, Einar Hafsteinsson, Guðmundur Gunnarsson, Eiríkur Jónsson, Adam Kári Helgason og Guðmundur Ævar Guðmundsson.

Í fjarfundi:

Fundur settur : 18:11

Borgþór setur fundinn

Ritari les fundargerð síðasta fundar, hún er samþykkt þó koma upp nokkrar spurningar. Þá bendir Margrét á að tillaga um fæðingarorlof kvenna innan FÍR sé ekki eins og hún hafi hugsa hana.

Margrét útfærir tillögu um aukinn rétt kvenna til fæðingarorlofs innan FÍR og leggur fyrir næsta fund stjórnar og trúnaðarráðs 2.okt.

Öryggisnefnd ætlar að taka fyrir hættur sem geta fylgt starfi óléttra kvenna innan rafvirkjunnar. samkvæmt reglugerð nr 931/2000 og koma til Margrétar fyrir næsta fund.

Adam fer yfir skoðunarkönnun Gallup um afstöðu félagsmanna FÍR til nýgerðs kjarasamnings ofl.

Umræður um skoðunarkönnunina, hvernig tekur félagið þessu, hvað á að gera.

Margrét, Helgi og Hilmar taka að sér að vinna úr könnuninni, taka saman og skila frá sér skilmerkilega fyrir vinnufund 9.nóv.

Helgi vill færa það til bókar að hann hafi haft rétt fyrir sér varðandi orlofsmál, félagsmenn hafi ekki áhuga á orlofsmálum!

Miklar umræður um könnunina, sumir ósáttir með að niðurstöður könnunar hafi verið lekið í Kristján formanna RSÍ og Sigrúnu skrifstofustjóra.

Greidd atkvæði um að senda skoðanakönnun með fundarboði fyrir félagsfund. (Tveimur vikum fyrir félagsfund). Samþykkt með öllum atkvæðum, enginn á móti.

Starfsmannamál RSÍ, er Jakob starfsmaður FTR, situr starfsmannafundi RSÍ o.s.frv. Miklar hitaumræður um hvar mörkin liggja milli stjórnarmanna og starfsmanna.

RSÍ þingið til umræðu enn og aftur, þingfulltrúar og siðareglur. Endalaus brot á siðareglum og ekkert gert í því. Miðstjórn SKAL skipa siðanefnd á fyrsta miðstjórnarfundum eftir sambandsþing.

Trúnaðarmannanámskeið 3.hluti 2-4.okt, Eiríkur, Andri og Guðjón fara.

Félagsfundur fyrir austan, Hilmar, Magni og Jakob fara. Verður haldinn félagsfundur á Reyðarfirði á föstudegi og svo tæknidagur fjölskyldunnar á Norðfirði á laugardegi.

Sveinsprófsafhending, gefa húfur og boli ofl. 28.sept hótél natura.

RSÍ-Ung, hvað skal gera. Margrét búin að gefast upp á því, formaður RSÍ-Ung er ekki að sinna sínu starfi að mati stjórnar og trúnaðarráðs FÍR.



Borgþór tala undir önnur mál varðandi réttindi rafvirkja, starfsfólk sem hefur unnið hér á landi ólöglega fengi það metið til sveinsprófs. Hubert eftirlitsmaður búinn að vera að ýta á eftir þessu.

Lesið úr fundargerð frá RSÍ þinginu. Þar sem kemur skýrt fram að ekki var kosið um breytingar á siðareglum. Því er tillaga lögð fram um að varaformanni RSÍ sé falið það verkefni að sjá til þess að staðið verði rétt að starsmannamálum RSÍ, að farið verði eftir siðareglum og lögum í einu og öllu.

Borgþór segir að þreifingar séu milli SART og RSÍ vegna yfirvinnu 1 og yfirvinnu 2, þá verði búið til plagg þar sem segir að SART viðurkenni að yfirvinnuálag verði óbreytt. Sumir telja þetta verðlaust enda hafi SART ekki samningsrétt.

Elnos – hafa þeir réttindi til þess að vinna við rafmagn Hver hefur rétt eða prófkúrfu til þess að samþykja slíkt fyrir hönd Rafmenntar, RSÍ eða?

Raunfærnimat hver er sýn FÍR á það? FÍR þarf að mynda sér mjög skýra afstöðu til raunfærnimats. Almennt virðist stjórn og trúnaðarráð á móti því, gjaldfelling á menntun rafvirkja.

Þessu er hægt að breyta að hluta til með kjarasamningum.

Vinnustaðaeftirlit, hverju er það skila okkur og hvernig getum við gert meira úr því.

Af hverju er ekki búið að kæra neinn fyrir brot á iðnaðarlögum. Vilji fyrir því að nýta þau verkfæri sem eru til staðar í vinnustaðaeftirliti, kæra þá fyrir brot á iðnaðarlögum.

Stofnun deildar innan FÍR – Borgþór ræðir við Jakob um að fá aðgang að félagaskrá til þess finna út hverjir vinni hjá rafverktökum. Skilar niðurstöðum á næsta fundi stjórnar og trúnaðarráðs FÍR.

Ævar bendir á að í lögum RSÍ skuli félög gera samkomulag um félagsmenn á gráu svæði, formaður FÍR klárar málið. Allir þeir sem vinna við rafmagnsstörf hjá rafverktaka skuli vera í FÍR.

Liggja margar umsóknir hjá Jens um mat á menntun til sveins og meistara. Þarf að skoða.

Fundi slitið : 20:12